



Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudagurinn 2. maí 2017



Fyrsti fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þriðjudaginn 2. maí 2017 kl.12.00

Mættir voru: Guðmundur B. Ólafsson, Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðjón L. Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Jakob Sigurðsson

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.
2. Verkaskipting stjórnar HSÍ
Guðmundur B. Ólafsson formaður HSÍ, lagði fram tillögu um óbreytt snið á stjórn frá fyrri stjórn að því frátöldu að Hjalti Þór Hreinsson verði formaður mótanefndar HSÍ og Þorbergur Aðalsteinsson verði formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ. Stjórn HSÍ samþykkti tillögu formanns samhljóða.
3. Fundartími stjórnar HSÍ
Ákveðið var að stjórn HSÍ hittist á föstum fundum fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl.12.00.
4. Skipurit skrifstofu HSÍ
Guðmundur kynnti fyrir stjórn þeir breytingar sem orðið hafa á skrifstofu HSÍ. Róbert kynnti svo fyrir stjórn hugmynd af nýju skipuriti skrifstofu HSÍ. Stjórn HSÍ veitir Róbert umboð til að klára þessar breytingar.
5. 60. ára afmæli HSÍ
Undirbúningur stjórnar fyrir 60. ára afmæli HSÍ hefur staðið yfir undanfarið. Hjördís tekur að sér að stýra nánari skipulagningu afmælishófsins og úthlutar verkefnum til stjórnar. Afmælishófið verður föstudaginn 16. júní. Einnig verður móttaka á landsleik Íslands og Úkraínu sem fram fer sunnudaginn 18. júní.
6. Skipan fjárhagsnefndar
Í tilefni af 60 ára afmæli HSÍ verður skipuð fjárhagsnefnd til að safna styrkjum í tilefni af afmælinu. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að leiða þessa vinnu.
7. Framkoma þjálfara Hauka í m. flokki kvenna
Stjórn HSÍ vísaði máli þjálfara Hauka í m. flokki kvenna til aganefndar í samræmi við lög og reglur, enda taldi stjórnin ummæli hans eftir leik Fram og Hauka þann 25. apríl í viðtali við Vísi.is ekki handknattleiksíþróttinni til framdráttar.
8. Verkerlar vegna framkvæmdar leikja



Umræða varð vegna atviks í leik Stjórnunnar og Gróttu í m. flokki kvk. sem leiddi til þess að Gróttu var dæmdur sigur. Stjórn HSÍ mun skilgreina með hvaða hætti hvernig á að taka á frávikum við framkvæmd leikja og kynna fyrir næsta keppnistímabil.

9. Önnur mál

- **Evrópukeppni Vals**

Valur kvartaði undan dómgæslu vegna leiks Vals og Turda í undanúrslitum í áskorendakeppninni en leikurinn fór fram í Rúmeníu. Við skoðun kom í ljós að dómgæslan stóð ekki undir eðlilegum kröfum til dómara. Guðmundur rakti það sem gert hefur gert en HSÍ og Valur kvörtuðu strax til EHF og óskuðu eftir rannsókn á frammistöðunni. HSÍ hefur fylgt því erindi eftir með formlegum hætti og mun Valur einnig gera það. Róbert og Guðmundur munu fylgja málinu eftir.

- **Íþróttaping ÍSÍ**

HSÍ á fimm þingsæti og munu stjórnarmenn verða tilkynntir sem fulltrúar HSÍ.

- **Námskeið fyrir stjórnarmenn**

Guðjón lagði til að námskeið yrði haldið fyrir stjórnarmenn og var málinu vísað til fræðslunefndar til afgreiðslu.

- **Uppboð á munum til styrktar kvennalandsliðinu**

Landsliðsnefnd kvenna verður með uppboð á netinu til styrktar kvennalandsliðinu núna í júní, málið verður rætt frekar á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari